


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	<b>BAF 301 Afrás – legur, drifliðir Kennsluáætlun haust 2013</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

<b>Kennari</b>	Haraldur Vilhjálmsson	<b>Sk.st.</b>	HÁV
----------------	-----------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Farið er yfir helstu gerðir kúlu- og keflalega ásamt kröfum um meðferð, umhirðu og stillingar. Fjallað er um mat á legum og hvað geti valdið skemmdum á legum. Skoðaðar eru ýmsar gerðir af hverfiliðum: hjöruliðir og samhraðaliðir. Nemendur læra vinnubrögð við að meta ástand liða, taka drifsköft og driföxla úr ökutæki og hvernig standa skuli að viðgerðum. Áhersla er lögð á öryggi við vinnu undir ökutæki, hreinlæti og ábyrgð viðgerðamanna vegna umferðaröryggis.

### Markmið:

Nemandi þekki helstu gerðir kúlu og keflalega. Hann þekki ástæður bilana í drifliðum og hjólalegum, hann geti lýst meðhöndlun og mati á ástandi þeirra. Nemandinn þekki helstu gerðir driföxla og drifliða. Hann geti skipt um hjólalegur ásamt fylgihlutum og stillt ef við á. Hann geti lýst hvernig meta skuli ástand drifliða, hann geti tekið þá úr bíl, gert við þá eða sett í nýja liði.

### Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1 útgáfa 2006.  
Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.  
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

### Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra heiti og virkni á íhlutum í afrás svo sem samhraðaliðum og hjóllegum. Þeir læra að vinna með þessa hluti í bílnum. Þeir vinna 2 verkefni í lotunni auk þess að lokapróf verður þreytt. Skiladagur fyrir verkefnið er fyrir lok lotunar. Berist verkefnið eftir að skilafresti lýkur er hámarkseinkunn 5, hafi verkefni eigi verið skilað 5 dögum eftir að frestur rennur út verður einkunn fyrir verkefni 0. Til að verkefnið gildi til lokaeinkunnar verða nemendur að ná að lágmarki 5 á lokaprófi.

### Verkefni:

1. heimaverkefni. 1. skýrsla um verklegt verkefni sem framkvæmt er í tíma. Lokapróf.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni 15%. Skýrsla 15%. Lokapróf 50%. Ástundun 20%.


### Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 20.8.2013



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils